



Steinunn  
Ásmundsdóttir

1966

---

*Hamfarir*

Oft hefur veðurbarinn maður  
með gamlar hendur gert að netum,  
öldugjálfur hlegið við kinnung trillunnar  
og smápatti hlaupið upp bryggjuna  
með fisk í soðið til lúinnar konu.

Oft hefur þetta líf týnst  
þegar úthafsöldur steyptu stömpum  
og átu menn og skip  
eða hvítur dauðinn rann ofan úr fjöllumum.

## Ódáðahraun

Ódáðahraun  
endalaust og endanlegt  
gamalgrimmt og ógurlegt  
hýsir þó frjókorn lífsins  
örsmá urtin hvílir þar  
líkt og Eyvindur forðum  
er hann fól sig í gjótum.

Ódáðahraun  
svo óhagganlegt  
tími þinn annar en okkar  
kominn frá deiglu elds  
til seiglu þess sem er.

Kynslóðir koma og fara  
vilja ráðskast með þig  
en týnast hver af annarri  
án sérstaks hróðurs í hraun  
sem eitt sinn draup í eldi  
og storknaði í eilífð.

## Vængjasláttur

Ég er dúfan hvíta  
með lítið rautt hjarta.  
Óttaslegið  
það berst  
í dúnmjúku fiðurbrjósti,  
vængirnir svo smáir  
kraftlausir.  
Ég bíð þess að verða stór  
og flögra því hér  
enn um stund  
– ég bíð.

Stundum finnst mér  
að það sé hjartað  
sem vill ekki fljúga  
fremur en vængir mínir.  
Ég held  
að ef ég reyndi,  
flygi ég aftur á bak  
með vænghaf fortíðarinnar  
á móti mér.

*Vetur*

Í svarthvítri þögn, sem aðeins er  
rofin af gnauði stormsins, liggur  
landið í snjósæng og bíður.

Líkt og haldi niðri í sér andanum,  
bíður það í þögn, sem leikur í  
frostbirtu og svörtum vetrarnóttum.

Bíður hnjúkaþeys og fyrsta  
daggardropans, brums á nakta grein,  
brúnfjæðra rjúpu og vordagsins.

Í þolinmóðri þögn  
og hvílist í vetrinum.

# RADDIR AÐ AUSTAN

– Ljóð Austfirðinga –

Ritstjóri:  
Magnús Stefánsson

Félag ljóðaunnenda  
á Austurlandi  
1999

*Ritnefnd:*

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Guðjón Sveinsson

Magnús Stefánsson

*Raddir að austan – Ljóð Austfirðinga*

© Félag ljóðaunnenda á Austurlandi og höfundar ljóða

Hönnun kápu og bókbands: Torfi Jónsson

Bókin er sett með 11 pt. Berkeley letri á 13 pt. fæti  
á 100 g Book Design Smooth Creamy pappír

Prentsmiðja Hafnarfjarðar ehf.

ISBN 9979-9440-0-5